

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandshálendis
Austurvegi 56
800 Selfoss

Reykjavík, 19. janúar 2024
UST202311-167/A.B.
10.04.01

Efni: Tillaga - Svæðisskipulag Suðurlandshálendis 2022 - 2042

Vísað er til erindis svæðisskipulagsnefndar um svæðisskipulag Suðurlandshálendis 2022-2042 er barst 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurlandshálendið.

Í greinargerð kemur fram að með svæðisskipulaginu vilja sveitarfélögin festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn um grunnkerfi, umhverfi, nýtingu og samvinnu á svæðinu. Helstu markmið með svæðisskipulagsvinnunni eru að marka stefnu um verndun og nýtingu sem taki mið af sjálfbærri þróun og þolmörkum einstakra svæða, samræma stefnu sveitarfélaganna um helstu viðfangsefni þeirra sem tengjast grunnkerfum, umhverfi og nýtingu auðlinda Suðurlandshálendis, marka stefnu um samfelldar landslagsheildir sem ber að vernda og þar sem byggingarheimildir eru takmarkaðar, styrkja landshlutann í heild gagnvart nýtingu auðlinda með sjálfbærum hætti og atvinnutækifærum þeim tengt, marka stefnu um loftslagsmál í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Náttúruverndaráætlun og friðun

Í greinargerð kemur fram að sveitarfélögin útfæri hvers konar friðun eigi við á verndarheildum í samvinnu við náttúruverndaryfirvöld í samræmi við lög um náttúruvernd.. Umhverfisstofnun bendir nefndinni á að líta til VI. og VII. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd varðandi áframhaldandi vinnu verkefnisins. Auk þess er fjallað um *Ráðgjafarnefnd og fagráð náttúruminjaskrár* í 15. gr. náttúruverndarlaga sem Umhverfisstofnun vill hvetja nefndina til að líta til.

Friðlýst svæði og vegagerð

Í tillögunni kemur fram að áætlunin muni skerða víðerni á mannvirkjabeltum m.a. með uppbyggingu vega, sem liggja meðal annars um Friðlandið að Fjallabaki¹ og Kerlingarfjöll.² Umhverfisstofnun bendir á að bæði þessi svæði eru vernduð vegna óbyggða og víðerna.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/kerlingarfjoll/>

Í greinargerð umhverfismats segir að stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að núverandi stofnvegur um friðland að Fjallabaki frá Sprengisandsleið inn í Landmannalaugar verði lagður klæðningu. Vegir með klæðningu skerða víðerni skv. þeirri aðferðafræði sem miðað er við fyrir kortlagningu víðerna (Höfn 2021) en sami vegur án klæðningar gerir það ekki. Stefna um klæðningu á þessum vegi skerðir því víðerni innan Friðlands að Fjallabaki, sem gengur gegn verndarmarkmiðum friðlandsins sem er m.a. að vernda ósnortin víðerni svæðisins.

Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt að vegir inn í Landmannalaugar falli vel að landi, að vikið sé frá veghönnunarreglum ef þörf er á til að lækka hámarkshraða og láta veg falla vel að landi til að vernda verndargildi Landmannalauga. Umhverfisstofnun vill benda á vegi innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum hvað hámarkshraða varðar.

Þar sem uppbyggður vegur með klæðningu mun breyta upplifun gesta sem fara um svæðið hvetur Umhverfisstofnun nefndina til að líta til verndarmarkmiða verndarsvæðanna sem eru innan skipulagssvæðisins við áframhaldandi vinnu verkefnisins og mikilvægt er að tillagan gangi ekki gegn þeim markmiðum. Auk þess hefur verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðlandið að Fjallabaki sem líta þarf til.³

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á ef gert er ráð fyrir að uppbyggðir vegir verði færir „minnst“ fimm til sex mánuði hvert ár má vera ljóst að unnt verði að komast inn á verndarsvæðin þegar land er hvað viðkvæmast þegar frost er að fara úr jörðu á vorin og á haustin þegar votviðri eru algeng og gróður viðkvæmur, sem getur valdið álagi og raski á verndarsvæðin.

Því er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar að í umhverfisskýrslu sé lagt mat á hver áhrif tillögunnar um bætt aðgengi og mannvirkjagerð séu á verndarsvæðin innan hálendisins.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að bæta, viðhalda og lagfæra þá vegi sem fyrir eru þar sem oft er um hálfgerða slóða að ræða. Á vissum stöðum má annað hvort hækka slóðann í lágpunktum eða einfaldlega færa slóðann á nýjan stað og afmá þann gamla og koma þannig í veg fyrir að ekið sé utan við slóða til að forðast bleytur.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að setja fram skýrar stefnur og leiðir til að samgöngumannvirki rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða og bendir Umhverfisstofnun skipulagsnefndinni á að líta til verndarmarkmiða og stjórnunar- og verndaráætlunar friðlýstra svæða.

Mannvirkjasvæði á friðlýstum svæðum

Í kafla 5.1 er fjallað skilgreiningu mannvirkjasvæða stefnur og leiðir, en þar segir m.a. að á mannvirkjasvæðum sé heimilt að viðhalda núverandi mannvirkjum og byggja upp þjónustustaði ferðamanna. Auk þess segir að við framkvæmdir skuli þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja.

Einnig segir í kafla 4.5. að ljóst sé að aðsókn ferðamanna að Suðurhálendinu sé afar mismunandi eftir svæðum og sum svæði séu fullsetin á sama tíma og önnur séu vannýtt.

³ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/stjornunar-og-verndaraetlun/>

Mikilvægt er að dreifa ferðafólki jafnar um svæðið en liður í því er að bæta aðgengi með endurbótum á stofnvegum hálendisins, eins og lýst er í kafla 3.1 um vegi og samtímis þarf að styrkja innviði á helstu ferðamannastöðum þannig að þeir þoli aukna umferð ferðamanna.

Umhverfisstofnun bendir á að bætt aðgengi að svæðinu þarf að vera í takt við innviði til að taka á móti auknum fjölda gesta. Jafnari dreifing um svæðið geti kallað á innviðauppbyggingu á nýjum stöðum, bílastæði, göngustíga, salerni o.s.frv.

Auk þess segir á bls. 47 í umhverfismati að sviðsmynd B hafi minnst álag á verndarsvæði með því að byggja aðstöðu á áfangastöðum sem vernda náttúruna þar fyrir álagi. Umhverfisstofnun bendir á að mikil innviðauppbygging innan friðlýstra svæða getur aukið álag, rýrt verndargildi þess og haft áhrif á upplifun fólks sem svæðin heimsækja.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að bætt aðgengi, stækkun á skálum og fjallaseljum innan og í jarðri friðlýstra svæða, líkt og stefnt er að í svæðisskipulaginu, getur haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna. Markmið friðlýsingar Þjórsárvera er ekki að auka aðgengi að verndarsvæðinu, heldur þvert á móti að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðvar heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Bætt aðgengi að áfangastöðum ferðamanna á hálendinu mun óhjákvæmilega leiða til aukins fjölda gesta. Slíkt mun því setja aukinn þrýsting á frekari uppbyggingu á áfangastöðum þeirra, verði ekki gripið til álagsstýringa/takmarkana á móti. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar eru svæði á hálendinu þar sem komið er að þolmörkum innviða vegna gestaálags, t.d. Landmannalaugar. Þar gerir gildandi deiliskipulag ráð fyrir töluverðum breytingum og uppbyggingu en ekki er þó gert ráð fyrir mikilli fjölgun ferðamanna umfram það sem nú er.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð er fjallað um mikilvægi þess að vernda óbyggð víðerni en á öðrum stað fjallað um umtalsverða uppbyggingu, fjölga skálasvæðum og fjallaselum og hálendismiðstöðvum og byggja upp vegi. Þarna geta markmið stangast á. Stefna ætti á að miða alla uppbyggingu við nú þegar röskuð svæði en ekki raska nýjum og ósnortnum svæðum. Nú þegar er mikið af skálum, fjallaselum og vegum á hálendinu og hlúa ætti að því frekar en að byggja upp á nýjum svæðum þar sem óbyggð víðerni eru á undanhaldi á hálendi Íslands. Því er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar að lagðar séu fram matsspurningar um hver áhrif tillögunnar um bætt aðgengi og mannvirkjagerð séu á verndarsvæðin innan hálendisins.

Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt að setja fram stefnur og leiðir sem munu ekki rýra verndargildi friðlýstra svæða og bendir skipulagsnefndinni á að líta til verndarmarkmiða og stjórnunar- og verndaráætlunar friðlýstra svæða.

Þjórsárver

Í viðauka 1 á bls. 70 er vitnað í og valdar nokkrar málsgreinar úr 11. gr. friðlýsingaskilmála Þjórsárvera þar sem fjallað er um landnotkun og mannvirkjagerð. Þar segir að heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi

sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þegar verið er að tala um „staðfest aðalskipulag“ er átt við staðfest aðalskipulag m.a. aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004- 2016, þ.e. staðfest skipulag á þeim tíma sem auglýsingin fyrir friðlandið tók gildi, þ.e. 9. október 2017. Því er óþarfi að mati stofnunarinnar að hafa þessa setningu í greinargerð, þ.e. „Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar“ þar sem ávallt þarf að leita umsagnar stofnunarinnar í samræmi við 68. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda í samræmi við 11. gr. auglýsingar fyrir friðlandið.

Í staðinn ætti að vitna í 1. mgr. 11. gr. þar sem segir að allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, sbr. þó 2.-4. mgr.

Leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og þegar við á lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.⁴

Enn fremur vill Umhverfisstofnun benda á markmið friðlýsingar Þjórsárvera, sem fram koma í 2. gr. auglýsingar fyrir friðlandið. Þar segir að markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýravist⁵, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Þjórsárver eiga tilvist sína að þakka vatni, bæði jökulvatni og lindarvatni. Vatn er alls staðar, ár og lækir kvíslast um landið og í dældum sitja tjarnir og pollar. Hornsíli finnast í lækjunum og skötuormur og önnur krabbadýr eru í nánast hverri tjörn, mikilvæg fæða margra fugla. Ein mesta ríkidæmi Þjórsárvera birtist í líffræðilegum fjölbreytileika svæðisins og hafa vistkerfi sem þarna finnast hátt verndargildi. Í verunum hafa fundist um 167 tegundir háplantna, þar af tegundir sem eru skráðar á valista yfir tegundir í hættu, og 244 tegundir skordýra, kóngulóa og langfætlna. Þjórsárver eru mjög mikilvæg fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni á hálendi Íslands⁶ og er ásamt fimm öðrum friðlýstum svæðum á landinu skráð sem Ramsarsvæði.⁷

Það er því ekki markmið friðlýsingarinnar að auka aðgengi að friðlandinu og efla þar innviði, líkt og stefnt er að í svæðisskipulaginu með auknu aðgengi og uppbyggingu mannvirkja, heldur vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

⁴ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/thjorsarver/>

⁵ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/rustamyravist>

⁶ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/thjorsarver/nattura-thjorsarvera/>

⁷ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/ramsarsvaedi/>

Friðland að Fjallabaki

Í greinargerð segir að unnið sé að gerð verndaráætlunar fyrir friðlandið (bls. 71). Umhverfisstofnun bendir á að gefin hefur verið út stjórnunar- og verndaráætlun og aðgerðaráætlun fyrir Friðlands að Fjallabaki 2021-2030 þar sem er mótuð framtíðarsýn og stefna um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Einnig er í áætluninni tilgreindar aðgerðir sem stefnt er á að fara í á næstu árum og sérstakar reglur um umferð og dvöl.⁸

Jaðaráhrif friðlýstra svæða

Í tillögunni eru lagðar fram tillögur og hugmyndir um mannvirkjabelti og svæði fyrir orkuvinnslu, stofnvegi og landsvegi sem liggja fyrir utan eða á jaðri friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif innan friðlýstu svæðanna. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Umhverfisstofnun telur skorta skýra umfjöllun um vatnamál í greinagerðinni þ.e. að skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlun. Umfjöllun um grunnvatn sem neysluvatn er ágæt en mikilvægt er að sett sé fram stefna, markmið og leiðir sem eru í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Mjög mikill fjöldi vatnshlota er á skipulags- (framkvæmdar) svæðinu og gera þarf m.a. grein fyrir því hvort hætta sé á því að vistfræðilegt og/eða efnafræðilegt ástand þessara vatnshlota muni á einhvern hátt hnigna og hvort þau munu uppfylla þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir þau í vatnaáætlun. Ástand vatnshlota má ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að leggja fram viðamikla skipulagsáætlun sem gerir ráð fyrir framkvæmdum sem munu hafa áhrif á vatn. Dæmi um framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn eru t.d. vegagerð, virkjanir, efnistaka, uppbygging ferðamannastaða og línulagnir. Vinna þarf áhrifamat þar sem áhrif tillögunnar á þá gæðabætti sem notaðir eru til ástandsflökkunar vatnshlota eru metin. Við gerð matsins þarf að skoða áhrifin á bæði yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot og svara þeirri spurningu hvort fyrirhuguð

⁸ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/stjornunar-og-verndaraaetlun/>

starfsemi/framkvæmdir geti orðið til þess að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist hugsanleg ekki. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist.

Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Benda má sérstaklega á að efnistaka getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna og að samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, ber rekstraraðila að sjá til þess að vatnsgæðum vatnshlota hraki ekki vegna starfseminnar. Fjarlæging á efni (set og möl) úr vatnshlotum getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Varðandi virkjanir bendir Umhverfisstofnun á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti en slíkar breytingar geta valdið álagi á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins. Virkjun er venjulega alger breyting á vatnshlotinu en áhrif efnistöku er venjulega eitthvað sem lagast aftur að mestu, þ.e. ef að hún er ekki mikil og víða í vatnshlotinu, áhrifin eru því aðeins önnur.

Orkuvinnsla

Umhverfisstofnun tekur undir þá leið að lögð er áhersla á að nýta til fullnustu svæði sem þegar eru virkjuð, í stað þess að fara inn á ný svæði til að reisa virkjanir. Því eigi að leggja áherslu á að fullnýta virkjað rennsli í neðri Þjórsá og stækkun eldri virkjana eins og Sigöldu- og Hrauneyjarvirkjun. Hins vegar þarf ávallt að huga að umhverfis-markmiðum vatnshlotanna, en samkvæmt vatnaáætlun má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið. Einnig er Kjalölduveita í jaðri Þjórsárvera og því mikilvægt að framkvæmdir rýri ekki verndargildi þeirra.

Í kafla 5.2 um orkuvinnslu segir að ef koma upp miklir hagsmunaárekstrar á milli orkuvinnslu og verndar skuli skoða sérstaklega hvernig hægt sé að lágmarka neikvæð áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að í áætlun um vernd og orkunýtingu eru almannahagsmunir vegna orkuvinnslu og náttúruverndar vegnir saman og orkukostir flokkaðir eftir því í nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Lögin gera ekki ráð fyrir því að orkukostir á friðlýstum svæðum komi til greina. Lög um stjórn vatnamála gera ráð fyrir stjórnkerfi sem er til þess fallið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum nýtingar og samhæðri vöktun.

Umhverfisstofnun telur því réttað setja fram skýrar stefnur og leiðir um orkuvinnslu sem ekki eru til þess fallin rýra verndargildi friðlýstra svæða, eins og Þjórsárvera. Auk þess bendir Umhverfisstofnun skipulagsnefndinni á að líta til verndarmarkmiða og stjórnunar- og verndaráætlunar friðlýstra svæða eins og stofnunin bendir á að ofan.

Þá bendir stofnunin á að orkuvinnsla getur haft neikvæð áhrif á rennsli fossa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Námur

Í greinargerð segir varðandi vegi að efnistökusvæði skulu, eftir því sem hægt er, vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum sem hafa hátt verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um námur í áætluninni sem gerir ráð fyrir talsverðum framkvæmdum sem krefjast efnistöku. Umhverfisstofnun telur að mikil námuvinnsla vegna framkvæmda muni geta haft neikvæð áhrif á verndarsvæði.

Því telur Umhverfisstofnun að ef hugmyndir eru um miklar vegaf framkvæmdir á hálendinu og innan verndarsvæða sé nauðsynlegt að skoða hvaða möguleikar til efnistöku eru til staðar.

B- hluti náttúruminjasrár

Á mynd. 10 er sýnd afmörkun fyrir svæði á B-hluta náttúruminjasrár. Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðisstofnun lagði til á sínum tíma til tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjasrár en skráin hefur ekki verið staðfest.

Framtíðarsýn - Umhyggja fyrir náttúrunni

Í greinargerð í kaflanum *Umhyggja fyrir auðlindum* er fjallað um greiningu á verndarheildum, verndarsvæðum (þar með talið friðlýstum svæðum), vatni, og kyrrlátum svæðum. Umhverfisstofnun hvetur nefndina til að skoða hvort liðirnir *Orka* og *Auðlind ferðabjónustunnar* eigi jafnvel frekar við í kafla 5, þar sem fjallað er um ábyrga nýtingu.

Umhverfisstofnun telur þar af leiðandi vel við hæfi að kafla 4 nefnist *Umhyggja fyrir náttúrunni*.

Landslagsgreining

Umhverfisstofnun telur landslagsgreininguna vera til fyrirmyndar, vel unna og framsetta. Í greinargerð (bls. 36) kemur fram að dregni séu upp flákar og þeir flokkaðir eftir flokkunarkerfi fyrir landslag á Íslandi sem aðlagð hafði verið Suðurrhálendi en stofnunin telur mikilvægt að útskýrt sé nánar hvernig flákarnir eru dregnir upp og fjallað sé um hverjir kostir og gallar greiningarinnar eru. Að mati stofnunarnar er helsti gallinn sá að flákarnir ná yfir stór svæði þar sem verið er að greina mjög ólíka þætti eins og vistgerðir, jarðminjar, landslag og vatnsstreymi.

Sömu flákar eru notaðir til að gera samanburð á hagsmunum orkuvinnslu og náttúruverndar á grunni landslagsgreininga á mynd 18 á bls. 59. Þar nær svæði C („Núverandi virkjanir og svæði þar sem orkuvinnsla er möguleg án mikilla hagsmunaárekstra og verndarhagsmunir eru litlir“) inn í Þjórsárver og auk þess umlykur það Kerlingarfjöll.

Þess ber að geta eins og kemur fram í greinargerð að kortin eru í kvarðanum 1:50.000 og á mynd 18 er grófur samanburður á hagsmunum orkuvinnslu og náttúruverndar á grunni landslagsgreiningar.

Sjálfbær beit

Í greinargerð á bls. 63. segir að nýting afrétta nái allt aftur til landnáms og er ein aðalforsenda sauðfjárbúskapar í sveitum Suðurlands og nytjaréttarhafar hafi lögvarinn rétt til bæði grasnytja og veiðinytja.

Umhverfisstofnun bendir á að á bls. 65 í greinargerð segir að áfram verði unnar landbótaáætlanir sem komi í veg fyrir að beutiland sé nýtt umfram beitarþol og um uppgræðslu rofsvæða. Hins vegar segir í kafla 5.4 segir að beitarskipulag og beitarstýring verði með þeim hætti að beitarþungi og beitarálag verði sem minnst á viðkvæmari svæðum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett sé fram stefna um að beitar- og veiðinytjar verði með sjálfbærum hætti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur